

## **Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps í Húnavallaskóla fimmtudaginn 7. október 2010 kl. 16.00.**

### **Dagskrá:**

1. Fundarsetning.
2. Málefni leikskóla.
3. Málefni grunnskóla.
4. Kosning formanns.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.

1. Fundarsetning.

Jón Gíslason varaformaður nefndarinnar setti fundinn kl. 16.10.

2. Málefni leikskóla.

Jóhanna Jónasdóttir leikskólastjóri gerði grein fyrir starfseminni. Núna eru 10 börn á leikskólanum og öll í fullri vistun, utan eins sem er í tveggja daga vistun á viku eins og er.

Jóhanna telur að það þurfi að bæta við starfsfólki, þannig að aukamanneskja komi inn tvo daga í viku. Fræðslunefnd leggur til við hreppsnefnd að heimild fáiast til að auka við starfskraft á leikskóla samkvæmt ofanrituðu.

Starfsemin gengur annars mjög vel. Foreldrafundur verður í kvöld kl. 20.00.

Nefndin leggur áherslu á að hægt sé að sinna öllum óskum um vistun í leikskólanum.

Jóhanna Jónasdóttir og Þórunn Ragnarsdóttir yfirgáfu fundinn.

3. Málefni grunnskóla.

Porkell Ingimarsson, Áslaug Finnsdóttir og Birgitta Halldórsdóttir mættu til fundar.

Porkell fór yfir þær breytingar sem orðið hafa í mannahaldi og skipulagi skólstarfsins þetta skólaár.

Rætt var um ráðningar kennara. Skólastjóri gerði grein fyrir því að miðað var við að þær væru innan úthlutaðs kennslustundakvóta.

Við þær breytingar sem gerðar voru hefur tímum í heimilisfræðum og smíðakennslu fækkað. Skólastjóri telur mikilvægt að halda í þá litlu verkkenndu sem verið hefur.

Rætt var um brunavarnir og rýmingaráætlun í skólanum.

Skólastjóri telur mikilvægt að haldið verði áfram viðhaldi á gluggum skólans og að nauðsynlegt sé að endurnýja gólfefni í kjarnabyggingu.

4. Kosning formanns.

Þar sem aðalfulltrúar nefndarinnar eru ekki allir mættir kom fram ósk um að fresta kosningu formanns og var það samþykkt.

5. Önnur mál.

Jón Gíslason sagðis ekki vera sáttur við afgreiðslu síðustu fundargerðar nefndarinnar.

6. Fundarslit.

Fundi var slitið kl. 17.30

Jóhann G Jóhannsdóttir (sign)

Þórunn Ragnarsdóttir (sign)

Sveinfríður U. Halldórsdóttir (sign)

Birgir Ingþórsson (sign)

Eline Manon Schrijver (sign)

Áslaug Inga Finnsdóttir (sign)

Birgitta H. Halldórsdóttir (sign)

Þorkell Ingimarsson (sign)

Jón Gíslason (sign)

Jens P Jensen (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.